

REGLUGERÐ

um skráningu hönnunar.

I. KAFLI

Umsókn.

1. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar skal rituð á þar til gert eyðublað og lögð inn til Einkaleyfastofunnar. Umsókn skal undirrituð af umsækjanda eða umboðsmanni hans og hafa að geyma beiðni um skráningu.

Í umsókn skal einnig tilgreina:

- 1) nafn og heimilisfang umsækjanda svo og kennitölu hans hafi umsækjandi ekki umboðsmann,
- 2) nafn, heimilisfang og kennitölu umboðsmanns sé hann fyrir hendi,
- 3) nafn og heimilisfang hönnuðar,
- 4) heiti sem lýsir hönnun,
- 5) hvort hönnun varðar útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar,
- 6) hvort hönnun óskast vernduð í litum,
- 7) hver umsækjanda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fer með umboð til að taka á móti tilkynningum frá skráningaryfirvöldum,
- 8) upplýsingar skv. 8. gr. sé krafist forgangsréttar á grundvelli ákvæða 7. gr. laga um hönnunarvernd (hér eftir aðeins vísað í „lögin“)
- 9) upplýsingar varðandi beiðni um frestun skráningar, ef við á.

Umsókn skulu fylgja:

- 1) þrjú eintök af hverri mynd, þ.e. teikningu eða ljósmynd sem sýnir hönnun skýrlega. Þegar sótt er um vernd á skreytingu þarf myndin að sýna skreytinguna á vöru,
- 2) umboð ef umsækjandi hefur umboðsmann,
- 3) sönnun á rétti umsækjanda til hönnunar ef umsækjandi er annar en hönnuður.

Frestur til að leggja inn umboð og sönnun fyrir rétti umsækjanda til hönnunar er þrjár vikur frá móttökudegi umsóknar.

Með umsókn skal fylgja tilskilið umsóknargjald.

2. gr.

Heimilt er að umsókn fylgi:

- 1) lýsing á hönnun,
- 2) líkan af hönnun,
- 3) tilgreining á vöru þeirri sem hönnun óskast skráð fyrir,
- 4) tilgreining þeirra flokka sem umsækjandi telur að hönnun falli undir.

Umsækjanda er einungis heimilt að leggja fram fyrrgreind gögn og upplýsingar við innlagningu umsóknar.

Skráningaryfirvöld geta þó óskað eftir því að slík gögn verði lögð fram síðar ef þörf þykir til skýringar.

Lýsing skal hafa að geyma stutta skýringu (hámark 150 orð) á því sem óskast verndað. Greina skal frá þeim meginatriðum sem gera hönnunina sérstæða. Í lýsingu má hvorki fjalla um kosti hönnunar né fullyrða um gildi hennar.

Heiti hönnunar skal fyrst og fremst vera til skýringar á mynd. Heiti hönnunar takmarkar ekki umfang verndar. Þegar um samskráningu er að ræða þarf hver hönnun að bera sitt heiti.

3. gr.

Umsókn og lýsing skulu vera á íslensku. Önnur fylgigögn mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

Skráningaryfirvöld geta krafist þess að löggiltur skjalaþýðandi eða annar aðili, sem skráningaryfirvöld viðurkenna, staðfesti þýðingu fylgigagna.

4. gr.

Leggja skal inn þrjú eintök af hverri mynd af hönnun, ekki stærri en A4 (21 cm x 29,7 cm). Hver mynd má aðeins sýna eina hönnun frá einu sjónarhorni. Ef lagðar eru inn fleiri en ein mynd af sömu hönnun skulu þær aðgreindar hver frá annarri og merktar í rétttri röð með tölustöfum eða bókstöfum. Til skýringar á mynd mega koma fram á henni lýsingarorð (dæmi; „upp“, „niður“, „skurðmynd“). Myndir og rittákn þurfa að henta til offsetprentunar í svart/hvítu og gefa möguleika á mismunandi stærðum. Sé farið fram á skráningu í lit skal eitt eintak myndar vera í litum.

Ef umsækjandi leggur inn líkan af hönnun skal það vera úr endingargóðu efni. Líkan má ekki vega meira en 4 kg og skal rúmast innan tenings sem hefur kantlengdina 40 cm. Óheimilt er að leggja inn líkan úr viðkvæmu eða hættulegu efni.

Taki umsókn til fleiri en einnar hönnunar skulu fylgja myndir af hverri og einni hönnun. Myndir af sömu hönnun skulu fá sama númer. Skýrt þarf að koma fram hvaða myndir tilheyri hverri hönnun.

5. gr.

Skráningaryfirvöld færa umsóknardag á móttæknar umsóknir og gefa þeim umsóknar-númer.

Umsókn telst móttækin ef hún hefur að geyma:

- 1) nafn og heimilisfang umsækjanda,
- 2) nafn og heimilisfang hönnuðar,
- 3) beiðni um skráningu hönnunar,
- 4) myndir, þ.e. teikningar eða ljósmyndir sem sýna hönnun skýrlega, eða líkan af hönnun,
- 5) umsóknargjald.

Umsókn sem send er með símabréfi telst móttækin ef gögn, sér í lagi myndir, eru nægilega skýr og sýnt er fram á að greiðsla hafi verið innt af hendi. Umsækjanda er þó skylt að leggja fram frumgögn umsóknar innan 14 daga frá móttöku símabréfs.

Umsókn sem lögð er inn án greiðslu tilskilinna gjalda telst ekki móttækin. Skráningaryfirvöldum ber þó að varðveita umsókn í eina viku, en eftir þann tíma er henni vísað frá ef greiðsla hefur ekki borist.

Óheimilt er að breyta andlagi umsóknar eftir að hún hefur verið móttækin.

6. gr.

Skráningaryfirvöld skulu flokka hönnun í samræmi við ákvæði Locarno-sáttmálans frá 8. október 1968, sbr. viðauka við reglugerð þessa.

Umsækjanda eða umboðsmanni hans skal tilkynnt um hvernig hönnun er flokkuð og veittur vikufrestur hið skemmsta til að koma fram með athugasemdir um flokkun. Skráningaryfirvöld taka endanlega ákvörðun um flokkun.

II. KAFLI**Dagbók.****7. gr.**

Skráningaryfirvöld skulu halda tölvufærða dagbók yfir mótteknar umsóknir. Í dagbókina skal færa eftirtalin atriði varðandi hverja umsókn:

- 1) umsóknarnúmer og umsóknardag,
- 2) nafn og heimilisfang umsækjanda,
- 3) nafn, heimilisfang og kennitölu umboðsmanns sé hann fyrir hendi,
- 4) nafn og heimilisfang hönnuðar,
- 5) heiti hönnunar,
- 6) hvort óskað er verndar á útliti og gerð vöru eða skreytingu,
- 7) hvort hönnun óskast vernduð í litum,
- 8) hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fer með umboð til að taka á móti tilkynningum frá skráningaryfirvöldum,
- 9) heiti viðtökulands fyrri umsóknar sé forgangsréttar krafist á grundvelli hennar svo og umsóknardag og umsóknarnúmer hennar,
- 10) upplýsingar varðandi beiðni umsækjanda um frestun á skráningu,
- 11) upplýsingar um gjöld sem greidd hafa verið vegna umsóknarinnar,
- 12) upplýsingar um meðhöndlun og stöðu umsóknarinnar.

Unnt skal vera að fá upplýsingar úr dagbók varðandi þær umsóknir sem þegar hafa verið gerðar aðgengilegar almenningi. Fyrir þann tíma er skráningaryfirvöldum þó heimilt að veita einhverjar þeirra upplýsinga sem koma fram í 2. mgr.

8. gr.

Ef tilkynning berst um eigendaskipti á hönnun sem sótt hefur verið um skráningu á verður nafn nýs umsækjanda því aðeins fært í dagbók að fyrir liggi sönnun um framsal.

III. KAFLI**Forgangsréttur.****9. gr.**

Til að njóta forgangsréttar skv. 7. gr. laganna þarf umsækjandi að krefjast þess í umsókn sinni og tilgreina hvar umsókn, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, var lögð inn, umsóknardag hennar og umsóknarnúmer.

10. gr.

Skráningaryfirvöld geta krafist þess innan ákveðins frests að forgangsréttur sé staðfestur með vottorði frá skráningaryfirvöldum, sem tóku á móti umsókn þeirri, er umsækjandi byggir forgangsrétt sinn á. Í vottorðinu skal tilgreina umsóknardag og nafn umsækjanda. Skráningaryfirvöld geta ennfreður krafist afrits af umsókninni ásamt myndum af hönnuninni.

Berist fyrrnefnd skjöl ekki á tilskildum tíma fellur niður réttur til að krefjast forgangsréttar.

Ef fallið er frá kröfu um forgangsrétt skal það tilkynnt skriflega.

11. gr.

Umsókn getur því aðeins verið grundvöllur forgangsréttar að hún sé sú fyrsta þar sem viðkomandi hönnun kemur fram.

Hafi umsækjandi fyrstu umsóknar, eða framsalshafi, síðar lagt inn umsókn á sama

stað er varðar sömu hönnun getur síðari umsóknin þó orðið grundvöllur forgangsréttarkröfu ef fyrri umsóknin hefur verið afturkölluð við afhendingu hinnar síðari, hún afskrifuð eða henni hafnað áður en hún varð aðgengileg almenningi og að því tilskildu að engin réttindi eða forgangskrafa sé á henni byggð. Hafi forgangsréttur skapast á grundvelli slíkrar umsóknar, sem kom inn síðar, er ekki unnt að byggja forgangsrétt á fyrri umsókninni.

12. gr.

Þegar sótt er um vernd á fleiri en einni hönnun í sömu umsókn er hægt að krefjast forgangsréttar fyrir hverja einstaka hönnun. Forgangsréttarkröfu má byggja á umsóknum frá fleiri en einu ríki.

IV. KAFLI

Hlutun.

13. gr.

Taki umsókn að mati skráningaryfirvalda til fleiri en einnar hönnunar skal umsækjanda gefinn kostur á að hluta umsóknina sundur í tvær eða fleiri umsóknir. Umsækjanda skal veittur tveggja vikna frestur í þessu skyni. Frestur þessi skal miðast við þann dag er umsækjandi lagði inn frumumsóknina eða dagsetningu bréfs skráningaryfirvalda varðandi nauðsyn hlutunar.

Umsækjanda er einnig heimilt að leggja inn beiðni um hlutun innan tveggja vikna frá innlagningu þó að skráningaryfirvöld hafi ekki komið fram með athugasemdir þar að lútandi.

Að beiðni umsækjanda má telja að ný umsókn sé lögð inn sama dag og frumumsóknin.

Í umsókn, sem verður til við hlutun úr frumumsókn, verður að koma fram umsóknardagur og -númer frumumsóknar.

V. KAFLI

Rannsókn.

14. gr.

Ef rannsókn skráningaryfirvalda leiðir í ljós að umsókn uppfyllir ekki skilyrði 1. og 3. gr. laganna ber að hafna skráningu hennar. Áður en umsókn er afmáð skal umsækjanda veitt tækifæri til að skýra mál sitt og/eða afla tilskilinna heimilda fyrir merkjum eða táknum sem hönnun felur í sér. Breyti rökstuðningur umsækjanda eða gögn ekki fyrri niðurstöðu skráningaryfirvalda skal þegar afmá umsóknina úr hönnunarskrá.

Uppfylli umsókn ekki skilyrði 14., 15. og 17. gr. laganna skal senda umsækjanda tilkynningu um þá formgalla eins fljótt og unnt er. Í tilkynningunni skal koma fram að heimilt sé að afskrifa umsókn ef ekki er bætt úr ágöllum innan fjögurra vikna.

15. gr.

Til grundvallar rannsókn skv. 18. gr. laganna er eingöngu lögð skráð hönnun hér á landi og hönnun sem sótt hefur verið um skráningu á og orðin er almenningi aðgengileg.

Sé krafist rannsókna skv. 1. mgr. 18. gr. laganna, án tengsla við umsókn, hefur niðurstaða rannsóknarinnar engin áhrif á meðferð umsókna um þá hönnun síðar.

Hafni skráningaryfirvöld skráningu hönnunar á grundvelli rannsókna, sem fram fer að kröfu umsækjanda, skal umsækjanda tilkynnt það eins fljótt og unnt er. Í tilkynningu

skal skýra forsendur fyrir höfnun á skráningu. Umsækjanda skal gefinn tveggja mánaða frestur til að tjá sig um synjun áður en umsókn er afskrifuð.

VI. KAFLI

Skráning.

16. gr.

Þegar umsókn um hönnun uppfyllir skilyrði þau sem greint er frá í lögunum svo og kröfur sem gerðar eru til umsóknar í reglugerð þessari skal hönnun skráð og rétthafa send staðfesting á skráningu.

VII. KAFLI

Hönnunarskrá.

17. gr.

Skráningaryfirvöld halda skrá yfir skráða hönnun.

Í hönnunarskrá skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- 1) umsóknarnúmer og skráningarnúmer,
- 2) nafn og heimilisfang skráðs rétthafa,
- 3) nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns rétthafa sé hann fyrir hendi,
- 4) nafn og heimilisfang hönnuðar,
- 5) heiti hönnunar,
- 6) hvort hönnun varði útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar,
- 7) hvort hönnun óskast vernduð í litum,
- 8) flokkur eða flokkar þeir sem hönnun er talin tilheyra,
- 9) upplýsingar um þær vörur sem hönnun skal einkenna, ef þær eru fyrir hendi,
- 10) dagsetning þegar umsókn var:
 - a) móttækin eða telst móttækin,
 - b) skráð,
 - c) gerð almenningi aðgengileg ef það var ekki samtímis skráningardegi,
 - d) birt,
- 11) hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fer með umboð til að taka á móti tilkynningum frá skráningaryfirvöldum,
- 12) upplýsingar um hvar umsókn, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, var lögð inn og umsóknardagur og númer hennar, ef krafist er forgangsréttar,
- 13) myndir af hönnuninni.

Þegar skráning tekur til fleiri en einnar hönnunar, sbr. 17. gr. laganna, er aðeins um eitt sameiginlegt skráningarnúmer að ræða.

18. gr.

Berist skráningaryfirvöldum samdægurs fleiri en ein umsókn, sem hafa að geyma eins eða svipaða hönnun og eru ekki frá sama umsækjanda, skal geta þess í hönnunarskrá og á skráningarskjali. Geta skal umsóknar- eða skráningarnúmers þeirrar hönnunar sem er svipuð viðkomandi hönnun.

Sama á við hafi umsækjandi samdægurs lagt inn fleiri en eina umsókn um skráningu á svipaðri hönnun.

19. gr.

Málshöfðunar á grundvelli 11. og 25. gr. laganna skal getið í hönnunarskrá.

Ef skráningaryfirvöld lýsa skráða hönnun ógilda á grundvelli 26. gr. laganna skal

hönnunin afmáð úr hönnunarskrá. Hönnun skal þó ekki afmáð fyrr en frestur til að skjóta máli til áfrýjunarnefndar er liðinn.

Sá er höfðað hefur mál á grundvelli 11. eða 25. gr. laganna skal afhenda skráningaryfirvöldum afrit dóms svo að unnt sé að breyta hönnunarskrá í samræmi við niðurstöðu dómsins. Hönnunarskrá skal þó ekki breytt til samræmis við niðurstöðu héraðsdóms fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn.

Niðurstöðu dómsmáls samkvæmt 11. eða 25. gr. laganna skal birta í riti því er skráningaryfirvöld gefa út.

20. gr.

Sá er öðlast rétt á skráðri hönnun, sbr. 34. gr. laganna, skal tilkynna það skriflega til skráningaryfirvalda. Í slíkri tilkynningu skal koma fram nafn, heimilisfang og kennitala rétthafa, frá hvaða tíma hann öðlast réttinn og hvenær aðilaskiptin fóru fram.

Samkvæmt beiðni skal geta þess í hönnunarskrá hvort réttur nytjaleyfishafa til að veita nytjaleyfi er takmarkaður.

Tilkynning um breytingu á umboðsmanni svo og breytingu á nafni eða heimilisfangi rétthafa skal færð í hönnunarskrá.

Tilkynningar skv. 1.- 3. mgr. skulu vera skriflegar og þeim skulu fylgja nauðsynleg gögn ásamt tilskildu gjaldi. Tilkynningar skulu birtar í riti því er skráningaryfirvöld gefa út.

21. gr.

Skráningaryfirvöld geta krafist þess að undirritun á framsali, nytjaleyfi eða yfirlýsing um að hönnun hafi verið afmáð sé staðfest af lögbókanda (notarius publicus), lögmanni eða tveimur vitundarvottum. Skráningaryfirvöldum er einnig heimilt að krefjast staðfestingar undirskrifa á öðrum skjölum ef þess er talin þörf.

VIII. KAFLI

Birting.

22. gr.

Þegar hönnun hefur verið skráð skal hún, eins fljótt og unnt er, birt í sérstöku riti er skráningaryfirvöld gefa út. Í birtingu þeirri skulu, auk skýrra mynda, koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- 1) umsóknarnúmer og skráningarnúmer,
- 2) umsóknardagur,
- 3) nafn og heimilisfang umsækjanda,
- 4) nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns umsækjanda sé hann fyrir hendi,
- 5) nafn og heimilisfang hönnuðar,
- 6) heiti hönnunar,
- 7) hvort skráð hönnun varði útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar,
- 8) flokkur eða flokkar þeir sem hönnun er talin tilheyra,
- 9) hvort hönnun óskast vernduð í litum,
- 10) upplýsingar um forgangsrétt ásamt upplýsingum um hvar umsókn sú sem forgangsréttur er byggður á var lögð inn og umsóknardag og númer þeirrar umsóknar,
- 11) myndir sem sýna hönnunina,
- 12) hvenær umsókn var gerð almenningi aðgengileg ef það var ekki samtímis skráningardegi.

IX. KAFLI

Frestun skráningar.

23. gr.

Beiðni um frestun skráningar, sbr. 3. mgr. 21. gr. laganna, skal koma fram í umsókn. Slíkar umsóknir fá í upphafi sömu meðferð og aðrar umsóknir allt að skráningu.

Þegar umsókn samkvæmt 1. mgr. uppfyllir skilyrði laganna og reglugerðar þessarar er umsækjanda tilkynnt um það eins fljótt og verða má.

24. gr.

Komi fram beiðni um frestun skráningar skv. 3. mgr. 21. gr. laganna skal halda öllum gögnum sem umsókn viðkemur leyndum uns hönnun er skráð. Þó skal birta í riti því sem skráningaryfirvöld gefa út, tilkynningu um að umsókn hafi verið lögð inn og upplýsingar um:

- 1) nafn umsækjanda, heimilisfang og kennitölu, hafi umsækjandi ekki umboðsmann,
- 2) umsóknardag,
- 3) hve lengi fresta skal skráningu,
- 4) flokk eða flokka þá sem hönnun er talin falla undir.

Þegar tími sá er liðinn, sem fresta átti skráningu, er skráning birt í riti því er skráningaryfirvöld gefa út.

X. KAFLI

Ógilding.

25. gr.

Í riti því, sem skráningaryfirvöld gefa út, skulu vera upplýsingar varðandi leiðir til ógildingar á skráningu hönnunar.

26. gr.

Berist skráningaryfirvöldum skrifleg athugasemd varðandi umsókn, áður en hönnun samkvæmt umsókninni er skráð, skal það tilkynnt umsækjanda. Þeim er sendi athugasemdina skal bent á að unnt sé að krefjast ógildingar á skráðri hönnunarvernd. Slík athugasemd leiðir ekki til frekari aðgerða af hálfu skráningaryfirvalda.

27. gr.

Skráningaryfirvöld úrskurða ekki um eignarrétt á hönnun. Mótmælum er varða rétt til tiltekinnar hönnunar skulu skráningaryfirvöld vísa frá og mótmælanda bent á úrræði samkvæmt 11. gr. laganna.

28. gr.

Krafa um ógildingu skráðrar hönnunarverndar skal lögð inn skriflega í tveimur eintökum hjá skráningaryfirvöldum.

Í kröfunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- 1) nafn og heimilisfang þess er setur fram kröfu,
- 2) skráningarnúmer og heiti hönnunar þeirrar, sem krafist er ógildingar á ásamt nafni réttihafa hennar,
- 3) nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns þess er setur fram kröfu um ógildingu sé umboðsmaður fyrir hendi.

Krafa um ógildingu skal vera rökstudd og henni skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn.

Kröfu um ógildingu skal fylgja tilskilið gjald.

Hafi dómstóll þegar dæmt í máli er varðar sama efni og sömu aðila skal kröfu um ógildingu vísað frá.

29. gr.

Uppfylli krafa um ógildingu ekki skilyrði 26. gr. laganna eða 1., 2. og 4. mgr. 28. gr. þessarar reglugerðar er kröfunni hafnað.

Sé greint frá forsendum kröfu um ógildingu, en krafa ekki rökstudd frekar eða sönnunargögn vantar, skal andmælanda veittur fjögurra vikna frestur til að leggja fram nánari rökstuðning og/eða sönnunargögn.

30. gr.

Rétthafa hönnunar skal tilkynnt svo fljótt sem verða má um framkomna kröfu um ógildingu og veittur tveggja mánaða frestur til að tjá sig.

Senda skal rétthafa skráðrar hönnunar afrit af öllum bréfum og gögnum sem berast frá þeim er krefst ógildingar á hönnun, og gagnkvæmt.

Ef rétthafa skráðrar hönnunar er skrifað varðandi efnislega meðferð málsins skal samtímis senda þeim er krefst ógildingar á hönnun afrit af bréfinu.

Eftir að rétthafi skráðrar hönnunar svarar kröfu um ógildingu taka skráningaryfirvöld ákvörðun um hvort frekari bréfaskipti milli aðila eru nauðsynleg.

31. gr.

Telji skráningaryfirvöld nauðsynlegt að aðilar fái tækifæri til að tjá sig munnlega vegna meðferðar ógildingarmáls skal kveðja til báða aðila.

32. gr.

Í riti skráningaryfirvalda skal birta tilkynningu um að krafa um ógildingu hönnunar hafi komið fram.

Í birtingu skal greina:

- 1) nafn rétthafa,
- 2) umsóknardag og umsóknarnúmer,
- 3) skráningardag og skráningarnúmer,
- 4) heiti hönnunar,
- 5) flokk þann er hönnun er talin falla undir,
- 6) nafn þess er setur fram kröfu um ógildingu.

Ennfremur skal birta kröfu um ógildingu fyrir dómstólum.

33. gr.

Aðilar ógildingarmáls afla gagna. Ákvarðanir skráningaryfirvalda í ógildingarmálum grundvallast aðeins á þeim staðreyndum, sönnunum og rökum sem aðilar hafa fram að færa.

Ef afstaða aðila og rök liggja ekki fyrir í gögnum málsins skulu aðilar máls eiga þess kost að tjá sig tvisvar um efni máls áður en skráningaryfirvöld taka ákvörðun í því, enda sé það ekki augljóslega óþarft.

Skráningaryfirvöldum er heimilt að setja málsaðilum ákveðinn frest til að kynna sér gögn máls og tjá sig um það.

Þegar aðilar hafa fengið tækifæri til að tjá sig samkvæmt ofangreindu skulu skráningaryfirvöld tilkynna þeim að málið verði tekið til ákvörðunar og ekki sé unnt að leggja fram frekari gögn.

34. gr.

Afrit af endanlegri ákvörðun skráningaryfirvalda vegna kröfu um ógildingu skal senda bæði réttihafa hönnunar og þeim er krefst ógildingar. Skráningaryfirvöld skulu ávallt rökstyðja endanlega ákvörðun sína.

Þegar áfrýjunarfrestur skv. 30. gr. laganna er liðinn, án þess að ákvörðun skráningaryfirvalda varðandi ógildingu hafi verið borin undir áfrýjunarnefnd, skal birta ákvörðun í riti því er skráningaryfirvöld gefa út.

XI. KAFLI

Endurnýjun.

35. gr.

Umsókn um endurnýjun skráðrar hönnunar skal skila skriflega til skráningaryfirvalda á þar til gerðu eyðublaði. Ákvæði 1. gr. gilda um umsóknir um endurnýjun svo sem við á.

Umsókn um endurnýjun skal fylgja tilskilið gjald.

Sé umsókn um endurnýjun ábótavant skal veita umsækjanda stuttan frest til að lagfæra umsóknina. Ef umsókn er ekki lagfærð innan tilskilins frests skal henni hafnað, það tilkynnt umsækjanda og skráð hönnun afmáð úr hönnunarskrá, enda sé skráningartíma hennar lokið.

Endurnýjun á skráningu skal færð í hönnunarskrá og birt í riti er skráningaryfirvöld gefa út. Þar skal koma fram skráningarnúmer hönnunar og hvenær skráning telst fallin úr gildi.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

36. gr.

Beiðni um að hönnun verði afmáð úr hönnunarskrá skal undirrituð af réttihafa hönnunar.

Sé nytjaleyfi skráð í hönnunarskrá skal hönnun því aðeins afmáð að réttihafi sýni fram á að nytjaleyfishafa hafi verið tilkynnt um þá ætlun.

Birta skal tilkynningu um að hönnun hafi verið afmáð úr hönnunarskrá eða ef réttur til skráðrar hönnunar er færður á annað nafn samkvæmt endanlegri dómsniðurstöðu.

37. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1993 um hönnunarvernd og tekur gildi hinn 21. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1994.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Ásta Valdimarsdóttir.

VIÐAUKI

Flokkun hönnunar skv. 6. gr.

- Flokkur 1 Matvæli.
Flokkur 2 Fatnaður og skófatnaður.
Flokkur 3 Ferðabúnaður, töskur, regnhlífir og aðrir persónulegir hlutir sem ekki tilheyra öðrum flokkum.
Flokkur 4 Burstar.
Flokkur 5 Vefnaðarvörur; lín úr gervi- eða náttúrlegum efnum.
Flokkur 6 Húsgögn.
Flokkur 7 Búsáhöld sem ekki tilheyra öðrum flokkum.
Flokkur 8 Handverkfæri og járnvörur.
Flokkur 9 Umbúðir og ílát til að flytja eða geyma vörur.
Flokkur 10 Klukkur, úr og önnur mælingatæki; eftirlits- og viðvörunartæki.
Flokkur 11 Skartgripir og skrautmunir.
Flokkur 12 Farartæki, flutningatæki og lyftibúnaður.
Flokkur 13 Búnaður til að framleiða, dreifa og umbreyta raforku.
Flokkur 14 Búnaður til gagnaöflunar og gagnavinnslu.
Flokkur 15 Vélar og tæki sem ekki tilheyra öðrum flokkum.
Flokkur 16 Tæki til ljósmyndunar og kvikmyndunar; sjóntæki.
Flokkur 17 Hljóðfæri.
Flokkur 18 Prent- og skrifstofuvélar.
Flokkur 19 Pappírsvörur, skrifborðsáhöld, búnaður fyrir listamenn og kennslutæki.
Flokkur 20 Sölu- og auglýsingabúnaður; skilti.
Flokkur 21 Leikir og spil, leikföng, tjöld og íþróttavörur.
Flokkur 22 Vopn, flugeldar, veiðibúnaður og búnaður til að eyða meindýrum.
Flokkur 23 Búnaður til að flytja vökva; hreinlætis-, hitunar-, loftræsingar- og raka-stýringarbúnaður; eldsneyti í föstu formi.
Flokkur 24 Lækningatæki og -búnaður; búnaður fyrir rannsóknarstofur.
Flokkur 25 Byggingareiningar og hlutar til bygginga.
Flokkur 26 Tæki og búnaður til lýsingar.
Flokkur 27 Tóbak og hlutir fyrir reykingamenn.
Flokkur 28 Snyrti-, lyfja- og hreinlætisvörur og -tæki.
Flokkur 29 Tæki og búnaður til eldvarna, slysavarna og björgunarstarfa.
Flokkur 30 Hlutir til umönnunar og vörslu dýra.
Flokkur 31 Vélar og tæki til matar- og drykkjargerðar sem ekki tilheyra öðrum flokkum.
Flokkur 99 Ýmislegt.